

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skipun starfsgreinaráða, nr. 475/2001, sbr. reglugerð nr. 746/2003.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Starfsgreinaráð eru skipuð í eftirtöldum starfsgreinaflokkum:

- a) bygginga- og mannvirkjagreinum,
- b) farartækja- og flutningsgreinum,
- c) heilbrigðis- og félagsgreinum,
- d) hönnunar- og handverksgreinum,
- e) matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum,
- f) málm-, véltækni- og framleiðslugreinum,
- g) rafíðngreinum,
- h) sjávarútvegs- og siglingagreinum,
- i) skrifstofu- og verslunargreinum,
- j) snyrtigreinum,
- k) uppeldis- og tómstundagreinum,
- l) upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Fulltrúar fyrir samtök vinnumarkaðarins í starfsgreinaráðum eru tilnefndir sem hér segir:

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Múrarasambandi Íslands, Sveinafélagi pípulagningamanna og Veggfóðrarafélagi Reykjavíkur og fjórir fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð farartækja- og flutningsgreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og tveir fulltrúar tilnefndir af Bilgreinasambandinu.

Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Auk þeirra tilnefnir félagsmálaráðuneytið 1 fulltrúa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1 fulltrúa.

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Form Ísland og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Auk þeirra tilnefnir menntamálaráðherra 1 fulltrúa.

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Matvís, 1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra verslunarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands og 4 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð rafíðngreina: 3 fulltrúar tilnefndir af Rafiðnaðarsambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra verslunarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra bankamanna og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð snyrtigreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra snyrtifræðinga.

Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 2 fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Auk þeirra tilnefnir félagsmálaráðuneytið 1 fulltrúa.

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Blaðamannafélagi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi bókagerðarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi grafískra teiknara og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 18. ágúst 2006.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.